

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXI. árgangur.

2. hefti.

1990

Þriðjudaginn 12. júní 1990.

Nr. 243/1989. **Arnrún Lilja Kristinsdóttir**

(Guðmundur Markússon hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Józefsson hrl.).

Lögtak. Lögtaksréttur. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. júní 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 30. maí s.á. Krefst hún þess aðallega, „að hin áfrýjaða lögtaksgerð frá 20. febrúar 1989 verði ómerkt“, en til vara, „að gerðin verði felld úr gildi og dæmt að gerðin fari ekki fram“. Hún krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi gerir þá dómkröfu eina, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Með gerðarbeiðni 1. febrúar 1989 til skrifstofu borgarfégeta að Hafnarstræti 5 í Reykjavík fór stefndi þess á leit, að framkvæmt yrði lögtak hjá áfrýjanda til tryggingar „skráðri gjaldskuld“, að fjárhæð samtals 750.837 krónur, vegna opinberra gjalda utan staðgreiðslu, auk kostnaðar og dráttarvaxta. Var skuldin sundurliðuð þannig:

<i>Gjaldár</i>	<i>Álagning</i>	<i>Dráttarvextir</i>	<i>Kostn. o.fl.</i>	<i>Samtals</i>
1984	85.182	181.351		266.533
1985	145.045	214.156	2.459	361.660
1986	59.761	60.923		120.684
1988	1.960			1.960
			Samtals	750.837

Beiðninni fylgdu ekki nánari skilríki um skuldina eða fyrri innheimtutilraunir.

Beiðni þessi var tekin fyrir í fúgetarétti Reykjavíkur 20. febrúar 1989 á heimili áfrýjanda, þar sem hún var sjálf viðstödd ásamt fúgeta og réttarvotti. Eftir því, sem skráð var í fúgetabók, skoraði fúgeti á áfrýjanda að greiða hin umkröfðu gjöld, sem lýst var þannig, að þau væru samkvæmt gjaldheimtuseðli nr. 190958-6209 (sem er kennitala áfrýjanda) frá 1984-88 með áföllnum dráttarvöxtum miðað við 1. febrúar 1989, samtals 750.837 krónur. Áfrýjandi kvaðst ekki geta greitt gjöldin og kvaðst jafnframt vera eignalaus með öllu, þegar á hana var skorað að vísa á eignir til lögtaks. Var réttarhaldinu lokið með bókun þess efnis, að hin umbeðna lögtaksgerð væri árangurslaus.

Á grundvelli þessarar árangurslausu lögtaksgerðar gerði stefndi 24. apríl 1989 kröfu um gjaldþrotaskipti á búi áfrýjanda og kvað heildarskuld áfrýjanda þá vera 771.364 krónur. Hefur sú krafa verið til meðferðar í skiptarétti Reykjavíkur, þar sem þingað var um hana 21. júní s.á. Í því þinghaldi mætti lögmáður áfrýjanda og lagði fram tækka að fjárhæð 2.300 krónur til greiðslu á gjöldum hennar vegna ársins 1988, auk þess að mótmæla gildi lögtaksgerðarinnar, sem hann taldi vera markleysu. Hefur stefndi tekið við þeirri greiðslu. Í bréfi til lögmansins 12. s.m. hafði stefndi fallist á þá ábendingu hans, að lögtaksréttur fyrir hinum eldri gjöldum áfrýjanda væri fyrndur. Hins vegar neitaði stefndi að falla frá kröfu sinni um gjaldþrotaskipti, með vísan til þeirrar yfirlýsingar um eignaleysi áfrýjanda, sem fram hefði komið við lögtaksgerðina.

Kröfur áfrýjanda fyrir Hæstarétti eru aðallega á því byggðar, að hin áfrýjaða gerð fúgetaréttar Reykjavíkur hafi verið ólögmæt, þar sem fúgeti hafi látið farast fyrir að gæta þess, að lögtaksréttur fyrir opinberum gjöldum álögðum árin 1984-86 væri fyrndur, og að leiðbeina áfrýjanda með ábendingu um, að réttmætar lögtakskröfur næmu einungis 1.960 krónum. Megi ætla, að áfrýjandi hefði getað greitt þá fjárhæð á staðnum, ef sú ábending hefði komið fram. Geti það ekki skipt máli um gildi gerðarinnar, að þessi fjárhæð var lögtakskræf, sökum þess hve miklu hafi munað á henni og fjárhæð þeirra krafna, sem ekki nutu lengur lögtaksréttar.

Varðandi varakröfu sína bendir áfrýjandi jafnframt á, að um-

rædd skuld vegna ársins 1988 hafi síðan verið greidd með löglegum hætti og komi ekki lengur til álita að framkvæma lögtak hennar vegna.

Stefndi byggir kröfu sína á því, að áfrýjun málsins til Hæstaréttar hafi verið óþörf. Viðurkennt hafi verið, áður en til hennar kom, að lögtaksréttur vegna eldri gjaldskulda áfrýjanda væri fyrndur. Skuld áfrýjanda vegna ársins 1988 sé að fullu greidd og þýðingarlaust að fjalla um lögtak hennar vegna. Gerð fúgetaréttarins 20. febrúar 1989 hafi ekki leitt til lögtaks, en farið fram með fullgildum hætti, að því er tók til gjalda ársins 1988. Í fúgetabók sé skráð sú yfirlýsing fúgeta, að leiðbeiningarskyldu hafi verið gætt, og hafi áfrýjandi staðfest hana með undirritun sinni. Ágreiningur aðilanna sé ekki um fúgetagerðina sjálfa, heldur einungis um það, hvort hún eða yfirlýsing áfrýjanda fyrir fúgetaréttinum um eignaleysi sitt geti verið grundvöllur að beiðni um gjaldþrotaskipti. Úrlausn þess ágreinings heyri hins vegar undir skiptarétt.

Telja verður, eins og hér stendur á, að máli skipti fyrir áfrýjanda að fá úrskurð Hæstaréttar um þau andmæli, sem hún hefur haft uppi við gildi hinnar umdeildu fúgetagerðar. Greiðsla áfrýjanda á gjöldum ársins 1988 breytir engu þar um þegar af þeirri ástæðu, að gerðin leiddi ekki til lögtaks í eignum hennar, er fallið hefði niður við þá greiðslu.

Samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga nr. 29/1885 fyrnist lögtaksréttur fyrir þeim opinberu gjöldum, er hér var um að ræða, á 2 árum frá síðasta gjalddaga þeirra á því ári, er þau voru á lögð. Fúgeta bar að taka afstöðu til þess, áður en hin umbeðna lögtaksgerð yrði framkvæmd, hvort umkrafin gjöld áfrýjanda nytu enn þessa réttar. Um það var ekkert staðhæft í gerðarbeiðni stefnda, en auðsætt var, að gjöld árána 1984-86 væru ekki lengur lögtakskræf. Þrátt fyrir þetta verða áskoranir fúgeta til áfrýjanda ekki skildar á annan veg en þann, að henni væri ætlað að greiða í réttinum öll þau gjöld, er í beiðninni voru tilgreind, eða benda á eignir til tryggingar greiðslu þeirra. Hefur fúgeti þannig látið hjá líða að gæta þessarar meginskyldu sinnar. Vegna þessa stórfellda misbrests á meðferð málsins verður að ómerkja hina áfrýjuðu lögtaksgerð.

Eftir þessum úrslitum og með hliðsjón af 13. gr. laga nr. 29/1885

þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans er litið til þess virðisaukaskatts, er lögmanni áfrýjanda ber að krefja hana um, en ljóst þykir, að málið varði ekki þá virðisaukaskattsskyldu starfsemi, er áfrýjandi kveðst nú hafa með höndum.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði áfrýjanda, Arnrunu Lilju Kristinsdóttur, 65.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Lögtaksgerð fógetaréttar Reykjavíkur 20. febrúar 1989.

Ár 1989, mánudaginn 20.2., var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Reykási 25 og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta, Rúnari S. Gíslasyni, með undirrituðum votti.

Fyrir var tekið:

Beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík um að gera lögtak hjá Arnrunu Lilju Kristinsdóttur fyrir: Opinberum gjöldum samkvæmt gjaldheimtuseðli nr. 190958-6209 1984-'88 með áföllnum dráttarvöxtum þ. 1/2 '89 samtals kr. 750.837, auk áfallandi dráttarvaxta, kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Fógeti lagði fram lögtaksbeiðni sem rskj. nr. 1 dags. 1/2 '89 svohlj.... Almennur lögtaksúrskurður hefur verið kveðinn upp og birtur í dagblöðum á tilskilinn hátt.

Gerðarþoli er mættur í réttinum, og skoraði fógeti á mættu að greiða umkrafin gjöld, en hún kveðst ekki geta greitt þau. Skoraði fógeti þá á mættu að vísa á eignir til lögtaks og brýndi fyrir mættu að segja satt og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Mætta kveðst vera eignalaus með öllu.

Gerðin er árangurslaus.